

**Viðauki við grunnlýsingu dagsetta 14. desember 2016 vegna 70.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldaskjala**

Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Viðaukinn er birtur vegna breytingu á heiti útgefanda í Lykill fjármögnun hf. Lögheiti félagsins verður framvegis Lykill fjármögnun hf. og víðskiptaheiti þess Lykill. Grunnlýsing dagsett 14. desember 2016 útgefin af Lýsingu hf., nú Lykill fjármögnun hf. (hér eftir nefnd grunnlýsingin og Lykill fjármögnun hf. eða félagið), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Framvegis mun Lykill fjármögnun hf. eiga við þar sem vísað er til Lýsingar hf., útgefanda eða félagsins. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

**Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda**

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Fjármálasviðs Lykils fjármögnunar hf., kt. 621101-2420, Ármúla 1, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Lykils fjármögnunar hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem viðaukinn hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hefur verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 9. október 2017

Fyrir hönd Lykils fjármögnunar hf.



Lilja Dóra Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri



Sighvatur Sigfússon

Sviðsstjóri Fjármálasviðs